

um útvegum lánsfjár.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson,  
Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega 150 milljón króna lán, er notað verði sem hér segir:

Til þess að lána ræktunarsjóði 30 millj. kr.  
— — — — fiskveiðasjóði 30 millj. kr.  
— — — — raforkusjóði 30 millj. kr.  
— — — — í hafnarframkvæmdir 60 millj. kr.

Ákveðið verði í samráði við Alþingi, hvernig lánsfénu til hafnargerða verði varið.

#### Greinargerð.

Útilokað er með öllu, að ræktunarsjóður geti á þessu ári haldið áfram að lána sem undanfarið til byggingar útihúsa í sveitum og ræktunar, nema hann fái talsvert lánsfé umfram það fé, sem hann á von á frá Framkvæmdabankanum, svo sem verið hefur.

Brýna nauðsyn ber til að efla fiskveiðasjóð og gera honum kleift að lána, ekki aðeins til endurnýjunar bátaflotans, heldur einnig til þess að auka skipastólinn. Enn fremur væri þess mikil þörf, að sjóðurinn gæti lánað til þess að byggja fiskiðjuver og verbúðir, en það hefur sjóðurinn ekki getað að neinu ráði undanfarið vegna ljáskorts.

Verði ekki útvegað fé til raforkuáætlunar dreifbýlisins umfram það, sem veitt er í fjárlögum og á annan hátt tryggt, munu framkvæmdir í rafmagnsmálum dragast gífurlega saman og væntanlega stöðvast alveg í ýmsum héruðum.

Verulegar framfarir hafa orðið í hafnamálum undanfarið, en ómögulegt er að segja annað en hægt gangi, miðað við þau stórvirki, sem þjóðin hefur með höndum í þeim efnum, en þar á meðal eru t. d. hafnargerðir í Þorlákshöfn og að Rífi. Meðan áburðarverksmiðja, sementsverksmiðja og Sogsvirkjun voru í takinu, ásamt öðru, var ekki talið fært að nota lánsmöguleika þjóðarinnar erlendis verulega í þágu hafnargerðanna. En því var yfir lýst af fyrrv. ríkisstjórn, að hafnargerðir kæmu til næst að hennar áliti í því sambandi. Nú er lokið sementsverksmiðjunni og búið að tryggja Sogsvirkjunina. Er því tímabært, að hafnargerðir komi nú með í næstu lántöku.

Fyrrverandi stjórn hafði leitað fyrir sér um 6 millj. dollara lán í Bandaríkjunum, og verða það nálega 150 milljónir króna íslenskar. Er það skoðun flutningsmanna, að þessi lántaka sé nauðsynleg og réttmæt og að því máli beri að fylgja eftir af núverandi ríkisstjórn.

Fyrrverandi ríkisstjórn hefði farið fram á, að lánið yrði veitt til þeirra framkvæmda, sem í þessari þáttill. greinir. En ekki hafði verið gengið frá því, hvernig lánsfé skyldi skiptast á milli framkvæmdanna.

Á undanförunum árum hefur talsvert erlent lánsfé verið flutt inn í landið. Á stjórnartímabili fyrrverandi stjórnar námu opinberar lántökur 454 milljónum króna (án yfirfærslugjalds). eru þar taldar allar lántökur ríkis og ríkisstofnana og lán með ríkisábyrgð. Þetta fé hefur runnið til eða er ætlað til eftirtalinna framkvæmda:

Sogsvirkjunar,  
raforkusjóðs,  
ræktunarsjóðs,  
fiskveiðasjóðs,  
flökunarvélakaupa,  
Akraneshafnar,  
12 skipa frá Austur-Þýzkalandi,  
landssímans,  
sementsverksmiðju og  
flugvélakaupa.

Augljóst er af þessu, að sízt er hér um eyðslufé að ræða og góð og nytsamleg fyrirtæki hafa notið og eiga að njóta fjárlagsins. Erlent lánsfé þarf þó að nota með allri gát, og fyrst og fremst þarf að skapa grundvöll að aukinni lánsfjármyndun innanlands.

Það er skoðun flm., að óhætt sé að taka 6 milljón dollara lán það, sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði lagt drög að, sé því varið eins og gert var ráð fyrir, og að brýna nauðsyn beri til að koma þeirri lántöku í framkvæmd, sumpart til þess að koma í veg fyrir stórfelldan samdrátt lána til landbúnaðarframkvæmda og bát- og skipakaupa og stöðvun framkvæmda í raforkumálum og sumpart til þess að auka framkvæmdir í hafnarmálum, svo sem æði lengi hefur verið ráðgert að verða ætti, að lokinni sementsverksmiðju og tryggðri Sogsvirkjun.